




Reykjavíkurborg  
Umhverfis- og skipulagssvið

Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11  
101 Reykjavík



Hér með sendist útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs frá 10. júní 2015 varðandi eftirfarandi mál.

### Guðrúnartún 1

Lögð fram umsókn Húsfélagsins Sætúni 1 dags. 12. maí 2015 varðandi breytingu á deiliskipulagi Borgartúnsreits vegna lóðarinnar nr. 1 við Guðrúnartún. Í breytingunni felst að fjölga bílastæðum á lóð með því að koma fyrir bílastæðum ofan á bílakjallara, sem heimilt er að reisa norðan við húsið, samkvæmt uppdr. THG Arkitekta ehf. dags. 12. maí 2015. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. júní 2015.

*Tillögunni er synjað með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 5. júní 2015 með fjórum atkvæðum fulltrúa Samfylkingarinnar þeirra Hjálmars Sveinssonar og Kristínar Soffíu Jónsdóttur, fulltrúa Bjartrar framtíðar Magneu Guðmundsdóttur og fulltrúa Vinstri hreyfingarinnar Græns framboðs Gísla Garðarssonar gegn þremur atkvæðum fulltrúa Sjálfstæðisflokksins þeirra Júlíusar Vífils Ingvarssonar og Áslaugar Friðriksdóttur og fulltrúa Framsóknarflokks og flugvallarvina Guðfinnu Jóhönnu Guðmundsdóttur.  
Vísað til borgarráðs.*

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Harri Ormarsson

Fylgiskjal: *[Faint text]* og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. júní 2015.



Reykjavík 5. júní 2015

### Guðrúnartún 1 umsókn um deiliskipulagsbreytingu

Á fundi skipulagsfulltrúa 15. maí 2015 var lögð fram umsókn Húsfélagsins Sætúni 1 dags. 12. maí 2015 varðandi breytingu á deiliskipulagi Borgartúnsreits vegna lóðarinnar nr. 1 við Guðrúnartún. Í breytingunni felst að fjölga bílastæðum á lóð með því að koma fyrir bílastæðum ofan á bílakjallara, sem heimilt er að reisa norðan við húsið, samkvæmt uppdr. THG Arkitekta ehf. dags. 12. maí 2015. Umsókninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju.

Umsóknin er óbreytt frá umsókn Húsfélagsins Sætúni 1 dags. 16. september 2014 varðandi breytingu á deiliskipulagi Borgartúnsreits vesturs vegna lóðarinnar nr. 1 við Guðrúnartún. Eingöngu dagsetningu uppdráttar hefur verið breytt. Málið var þá lagt fyrir umhverfis- og skipulagsráð 8.10.2014 og var var það afgreitt neikvætt.

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 29. september 2014 var þá lögð fram og segir þar m.a.:

*„Í gildi er deiliskipulag fyrir lóðina Guðrúnartún 1 síðast breytt í mars 2013 og samþykkt í umhverfis- og skipulagsráði 10. apríl 2013 og staðfest með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda 29. apríl 2013. Deiliskipulagsbreytingin í mars 2013 fól í sér breytingu, þ.e. heimild til að byggja tengibyggingu, á áður samþykktri breytingu deiliskipulags. Hafði áður verið samþykkt að lengja byggingu meðfram götu, hækka norðurhús og stækka bílageymslu neðanjarðar.*

*Við meðferð málsins lagði umhverfis- og skipulagsráð áherslu á að fjölgun bílastæða ætti sér aðeins stað neðanjarðar.“*

*„Meginmarkmið umferðarstefnu aðalskipulags Reykjavíkur er að bæta borgarumhverfi, stýra umferðarflæði og stuðla að breyttum ferðavenjum og vistvænni samgöngum.*

*Í stað fjölgunar bílastæða er lagt til að athuguð verði stýring bílastæða á lóðinni, með lokun og/eða gjaldtöku. Bílastæðasjóður Reykjavíkur leiðbeinir um gjaldtöku.“*

#### Umsögn

Þar sem ekkert nýtt hefur komið fram í málinu er vísað til fyrri umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 29. september 2014.

F.h. skipulagsfulltrúa  
Margrét Þormar

